

21. Peschel, Viktor Paul Walter, útvarpsvirki í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 12. maí 1944.
22. Rasmussen, Finn, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Danmörku 15. nóv. 1937.
23. Simonsen, Bjarnfrída, húsmóðir á Þingeyri, f. í Færeyjum 9. júlí 1924.
24. Stö, Asbjörn, garðyrkjumaður á Þórustöðum í Ölfushreppi, f. í Noregi 22. febrúar 1920.
25. Sönderskov, Harry, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Danmörku 17. desember 1927.
26. Timmermann, Björk Sigrún, kennari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 16. ágúst 1942.
27. Östlund, Pétur Davíð, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. desember 1943.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 11. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

91. gr. laganna orðist þannig:

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, þó 15. maí árið 1964, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmarkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur, og gildir það einnig um árið 1964. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal eða endurgreiða skatt samkvæmt 87. gr., að rétttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtt eða skrásetningarmarki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði, þannig að meira en hálfur mánuður reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt. Kröfur um endurgreiðslu samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

Greiðsluskyldan hvílir á þeim, sem skráður er eigandi bifreiðarinnar í ársbyrjun, svo og þeim, sem síðar á skattárinu kunna að verða eigendur hennar.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni þungaskattur fyrir yfirstandandi skattár, svo og skoðunargjald og váttryggingargjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarkerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld af bifreiðinni séu greidd til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingargjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa þungaskatt af bifreiðum sínum eða bifhjólum fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá þann skatt dreginn frá þungaskatti, sem þeim ber að greiða fyrir skattárið 1964, samkvæmt lögum þessum, eða fá hann endurgreiddan, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

25. apríl.

Nr. 13.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 og lögum nr. 57 5. júní 1957 og lögum nr. 24 26. apríl 1963, um breytingu á þeim lögum, skal heimilt að innheimta með 200% álagi af kvikmyndasýningum og með 20% álagi af öðrum skemmtunum. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, sem skattskyldar kunna að vera, undanþegnar álaginu.